

Ná.

224. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum að Sæbóli í Aðalvík.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka þegar á komandi snmri, á hvern hátt heppilegast sje að bæta höfnina að Sæbóli í Aðalvík, svo trygg verði vjelbátnm lega þar.

Greinargerð.

Að Sæbóli í Aðalvík er nokkurt útræði, og sækja þangað, einkum að vorinn til, fiskimenn frá öðrum stöðum. Þaðan er mjög stutt á hin aflsælnstu fiskimið, og virðist andsett, að útræði þaðan mundi ankast að talsverðum mnn, ef höfnin væri svo trygg, að smærri mótorbátar gætn legið þar áhættulítið, en eins og nú er hafa bátar farist þar á legunni.

Það er talið auðvelt og kostnaðarlítið að bæta þessa bátahöfn, svo að trygg verði smærri mótorbátum.

Á síðasta þingi var samþykkt þál. um rannsókn á höfninni í Hnífsdal, en þessi rannsókn hefir enn þá ekki verið framkvæmd, að því er fyrverandi stjórn skýrði frá, vegna þess, að ekki hafi verið vól á hæfnum manni til starfans, þar sem vitamálastjóri og aðstoðarmenn hans voru bundnir við önnur störf á síðastliðnn smri.

Að farið er fram á i tillögunni, að rannsókn þessi verði framkvæmd á næsta smri, er einkum af þeirri ástæðu, að búast má við, að raunsóknin í Hnífsdal verði framkvæmd á sumri komanda, og mundi verða sparnaður að því að framkvæma þessa rannsókn, sem hjer er farið fram á, af sama manni og að aflokinni rannsókninni í Hnífsdal.